

Menning/listir

NÆSTU VIKU

Leikhús

Pjóðleikhúsið

Stóra sviðið:
Emil í Kattholti: Laugardaginn 9. maí klukkan 14 og 17, sunnudaginn 10. maí klukkan 14 og 17.
Elín, Helga, Guðríður: Föstudaginn 15. maí klukkan 20.
Smíðaverkstæðið:
Ég heiti Ísbjörg, ég er ljón: Laugardaginn 9. maí klukkan 20.30, sunnudaginn 10. maí klukkan 20.30 og fimmtudaginn 14. maí klukkan 20.30.

Litla sviðið:

Kæra Jelena: Laugardaginn 9. maí klukkan 20.30, sunnudaginn 10. maí klukkan 20.30, þriðjudaginn 12. maí klukkan 20.30 og fimmtudaginn 14. maí klukkan 20.30.

Borgarleikhús

Þrúgur reiðinnar: Laugardaginn 9. maí klukkan 20, þriðjudaginn 12. maí klukkan 20, fimmtudaginn 14. maí klukkan 20 og föstudaginn 15. maí klukkan 20.

La Bohème: Sunnudaginn 10. maí klukkan 20, miðvikudaginn 13. maí klukkan 20.

Leikfélag Akureyrar

Íslandsklukkan: Laugardaginn 9. maí klukkan 20.30, fimmtudaginn 14. maí klukkan 20.30 og föstudaginn 15. maí klukkan 20.30.

Garðaleikhúsið

Luktur dyr: Laugardaginn 9. maí klukkan 20.30.

Gerðuberg

Dimmalim (barnaleikrit): Laugardaginn 9. maí klukkan 16.

Nýlistasafnið

Tumi Magnússon opnar sýningu á málverkum og teikningum í dag. Sýningin stendur til 24. maí og er opin daglega klukkan 14-18.

MÍR-salurinn

Í dag verður efnt til performance-dagskrár í MÍR-salnum, Vatnsstíg 10. Þeir sem koma fram eru: Helgi Friðjónsson, Hannes Lárusson, Halldór Ásgeirsson, Hlynur Hallsson, Ásmundur Ásmundsson, Alda Sigurðardóttir, Steinunn Helga Sigurðardóttir, Árni Ingólfsson, Haraldur Karlsson og Kokkur Kyrjan Kvæsir. Nokkrir framtalinnna hafa fengist við þetta listform í gegnum tíðina en aðrir gert minna af því. Dagskráin fer fram í tveimur söllum hússins og einnig fyrir utan það. Hún hefst klukkan 15 og stendur fram að kvöldmat. Kaffiveitingar verða á staðnum og er aðgangur ókeypis.

Norræna húsið

Í sýningarsöllum stendur yfir sýning á ljósmyndum sem nemendur við ljósmyndaakademíuna í Listiðnaðarskólanum í Stokkhólm hafa tekið og unnið. Sýningin er opin daglega klukkan 14-19 og lýkur 10. maí. Í anddyri hússins sýnir Sigurður Þórólfsen 40 silfurmuni tengda hafinu. Þetta er þriðja einkasýning Sigurðar og er hún opin daglega til 17. maí.

Listasafn alþýðu

Sýning á verkum eftir Hauk Dór stendur yfir og er opin daglega klukkan 14-19. Henni lýkur 24. maí.

Gallerí 11

Nina Roos opnar í dag málverka-sýningu, olíu á zinkplötur. Sýningin er opin daglega frá klukkan 14-18 og stendur til 24. maí.

Myndlist

Kjarvalsstaðir

Í vestursal er sýning á japanskri grafík og í austursal er sýning á teikningum úr Kjarvalssafni. Í vestursal sýnir Margrét Zóphóníasdóttir glerverk, sýningunni lýkur um helgina, og í austursal stendur yfir síðasta ljóðasýningin á þessum vetri, á ljóðum Kristjáns Karlssonar.

Nýhöfn

Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnað. Á sýningunni eru 10 verk, ofin úr ull og hrosshári. Verkin eru unnin á síðastliðnum fjórum árum. Sýningin er opin virka daga klukkan 12-18 og frá klukkan 14-18 um helgar. Lokað á mánudögum. Sýningu Ásgerðar lýkur 13. maí.

Hafnarborg

Sýning á olíumálverkum, grafíkverkum og teikningum Ingunnar Eydal. Sýningin er opin daglega nema þriðjudaga frá klukkan 12-18 og lýkur 11. maí.

FÍM-salurinn

Margrét Jónsdóttir listmálari sýnir olíumálverk. Flest verkin eru unnin á vinnustofu listamanna í Sveaborg í Finnlandi, þar sem Margrét dvaldi í þrjá mánuði á síðastliðnu ári. Sýningin er opin alla daga frá klukkan 14-18.

Gallerí Austurstræti 6

Helgi Valgeirsson sýnir málverk. Sýningin stendur til 10. maí og er opin alla daga klukkan 14-18.

Gallerí Borg

Tryggvi Ólafsson sýnir nýjar akrilmyndir. Sýningin var opnuð fimmtudaginn 7. maí.

Gallerí Sævars Karls

Sýning á verkum Auðar Ólafsdóttur. Sýningin stendur til 22. maí og er opin á verslunartíma á virkum dögum klukkan 10-18 og á laugardögum klukkan 10-16.

Gerðuberg

Árni Sigurðsson sýnir málverk á tré, teikningar og litógrafiur. Sýningin stendur til 19. maí. Opíð mánudaga til fimmtudaga klukkan 10-22 og föstudaga og laugardaga klukkan 13-16. Í „Kaffi Gerði“ sýnir Andrés Magnússon málverk; landslagsmyndir unnar með olíulitum. Sýningin stendur til 30. maí.

Tónlist

Laugardagur, 9. maí

Kristiskirkja
Kristinn H. Arnason gítarleikari heldur tónleika og hefjast þeir klukkan 17. Á efnisskránni eru verk eftir Luis Milan, J.S. Bach, Hans Werner Henze, M. S. Guilliani, Frank Martin og Rodrigo.

Sunnudagur, 10. maí

Íslenska óperan klukkan 14: Tónlistarskólinn í Reykjavík – próftónleikar.

Listahátíð í Seltjarnarneskirkju:
„Vorið og sköpunarverkið“, tónlist og upplestur. Sigrún V. Gestsdóttir, söngur, Einar Kr. Einarsson, gítar, Guðmundur Magnússon, píanó, Sigríður Hagalín, leikkona, upplestur, Hólmfríður Þóróddsdóttir, óbó, Sólveig Anna Jónsdóttir, píanó, Þóra Einarisdóttir, söngur, Kolbrún Sæmundsdóttir, Jón Aðalsteinn Þorgeirsson, klarinett.

Langholtskirkja: Söngsveitin Fílharmónía heldur vortónleika sína í Langholtskirkju klukkan 17. Flutt verður La Pette Messe Solennelle eftir Rossini. Fjórir einsöngvarar taka þátt í flutningnum: Elísabet Erlingsdóttir, sópran, Alina Dubwik, alt, Ólafur Árni Bjarnason, tenór, og Viðar Gunnarsson, bassi.

Borgarleikhúsið: Óperusmiðjan og Leikfélag Reykjavíkur sýna La Bohème eftir Puccini klukkan 20.

Mánudagur, 11. maí

Íslenska óperan klukkan 20.30. Tónlistarskólinn í Reykjavík – próftónleikar.

Þriðjudagur, 12. maí

Íslenska óperan klukkan 20.30. Tónlistarskólinn í Reykjavík – próftónleikar.

Miðvikudagur, 13. maí

Borgarleikhúsið: Óperusmiðjan og Leikfélag Reykjavíkur sýna La Bohème eftir Puccini klukkan 20.

Fimmtudagur, 14. maí

Háskólabíó: Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur sinfóníu nr. 2 eftir Madetoja, nýtt verk eftir Karólínu Eiríksdóttur og Rosenkavalíer-vals eftir Strauss. Stjórnandi: Petri Sakari.

Er bókmenntafræði hættuleg?

TEXTI: Jón Stefánsson

KENNINGAR bókmenntafræðinga hafa átt frekar erfitt uppdráttar hér á landi, og það virðist sem mörgum finnist ekki við hæfi að beita vísindalegri hugsun á bókmenntir; jafnvel að fræðin skemmi fyrir innlifun hins almenna lesenda, og að skáld geti hæglega glatað sköpunargáfunni ef það sekkur sér ofan í þýkkar fræðibækur. En á síðustu árum hafa bókmenntafræðingar sett sífellt meiri svip á umræður um bókmenntir, komið fram með ný viðhorf sem ýmsir eiga erfitt með að setta sig við. Sumum finnst jafnvel að þeir séu að seilast til of mikilla valda í bókmenntaheiminum. Í nýlegu viðtali segist Þórarinn Eldjárn rithöfundur ekki vilja láta líta svo á að: „þeir stjórni bókmenntum ...“ Þeir eiga að vera eins og lítill en vel upplýst þjónustustétt sem er á þönum í kringum hinar risavæxnu bókmenntir. Bókmenntafræðingar liggja undir ámæli um að skrifa óþjálman stíl og í ofanálæg að beita bókmenntatextann sjálfan ofríki. Helga Kress fékk til dæmis hörð viðbrögð þegar hún birti grein í Tímariti Máls og menningar, árið 1988, um skáldsöguna Tímabjörfinn eftir Steinunni Sigurðardóttur. „Manni getur gramist það hversu langt hún gengur við að þrýsta skáldverki inn í kenningu“, sagði Árni Bergman í Þjóðviljanum 20. mars sama ár, og Guðmundi Andra Thorsyni fannst „gæta ofríkis gagnvart textanum, til að láta hann ganga upp í kenningunni“. En hvernig er bókmenntafræðingur hér á landi í dag? Stjórnast hún af fordómum og þekkingarleysi? Hvers vegna eru menn að æsa sig út af skrifum bókmenntafræðinga? Nokkrir einstaklingar velja þessum og öðrum spurningum fyrir sér hér á eftir.

Er bókmenntafræði vísindagrein?

„Bókmenntafræðingur hér á landi er sérstök fyrir það að allir telja sig geta rætt um bókmenntir eins og þeir væru sérfræðingar“, segir Einar Kárason, rithöfundur og formaður Rithöfundasambandsins. „Ókosturinn er sá að alltof margir dhæfir taka þátt í umræðunni. En þetta er líka hluti af þeim forrættindum sem bókmenntir njóta, ein birtingarmynd þeirra jákvæðu staðreyndar, að bókmenntir eru ekki list eða fræðigrein fyrir innviðnað hér á landi, heldur almenningseign.“ Kristján B. Jónasson bókmenntafræðingur bendir hins vegar á að „menn virðast ekki telja þörf á neinni grunnvinnu við rannsóknir“, en bókmenntafræði er náttúrulega eins og hver önnur vísindagrein hvað það varðar.

Matthías Viðar Sæmundsson, dósent við Háskóla Íslands, er alls ekki viss um að fólk geri sér grein fyrir því hvað bókmenntafræði raunverulega er. „Á síðustu árum hafa mannleg fræði verið að sameinast“, segir Matthías, „og þá á ég við heimspæki, mannfræði, málvísindi og bókmenntafræði; ekki er hægt að greina á milli þeirra með sama hætti og áður. Bókmenntafræðin í dag er ekki

bundin við rannsóknir á hreinum fagurfræðilegum textum, heldur tekst hún á við tilveru fólks í gegnum textann og tungumálið. Þetta eiga mörg íslensk skáld mjög erfitt með að skilja.“

Stirðbusar á stílvelli?

Bókmenntafræðingar hafa verið gagnrýndir fyrir að skrifa óþjálman og illlæsilegan texta. Kolbrún Bergþórsdóttir gagnrýnandi segist oft fá það á tilfinninguna að ungir bókmenntafræðingar „lesi ekki nógu mikið af göðum skáldskap, en of mikið af „freudísku torfi“ og texti þeirra er því oft eins og lausleg þýðing á erlendum fræðimönnum og málarið stírt og óþjálmt“.

„Okkur vantar fólk með stílgáfu“, segir Kolbrún.

Kristján B. Jónasson bendir hins vegar á að í fræðimennsku sé stílgáfa ekki frumskýrði, „menn þurfa fyrst og fremst að kunna fræðin“, segir hann og heldur áfram: „Það er hægt að láta stílgáfu taka af sér völdin. Auðvitað verða fræðitextar að vera vel læsilegir og á góðu íslensku máli. En aðalatriðið er að menn séu góðir fræðimenn og hafi eitthvað að segja. Stílgáfa er auðvitað plús, en hún er ekki frumskýrði



Einar Kárason



Helga Kress



Matthías Viðar Sæmundsson



Sigfús Bjartmarsson

í fræðimennskunni.“ Sigfús Bjartmarsson rithöfundur er að mörgu leyti sammála Kristjáni og segir óréttmætt að gera sömu kröfur til stíls bókmenntafræðinga og rithöfundar. „En það er náttúrulega mikill ókostur ef greinarnar eru mjög sveimandi í kringum efnid, þökkenndar og óklárar í framsetningu.“ Sigfús segist að visu ekki hrifast mjög af stílistum bókmenntafræðingna, en sér enga ástæðu til að skammast, ekki frekar en Matthías Viðar Sæmundsson, sem telur að menn ættu ekki að hafa svona miklar áhyggjur af bókmenntafræðingum sem skrifa illa, þeir eru jafn misjafnir og skáldin í landinu. „Það er ekki fræðigreininni að kenna að sumir menn skrifa illa“, segir Matthías, „en ég get svo sem verið sammála því að sumir íslenskir bókmenntafræðingar hafa ekki lagt nógu mikla rækt við málið.“ Matthías bendir hins vegar á að bókmenntafræðingur komist ekki hjá því að notast við fræðileg hugtök. „Hann á auðvitað að skrifa eins ljósan og skýran texta og unnt er, en það er engin ástæða fyrir hann að hlaupa eftir þekkingarleysi, snobba niður á við. Bókmenntafræðilegur texti á að gera kröfur og það er ekkert við það að athuga, lesendur

GÍTARTÓNLEIKAR Í KRISTSKIRKJU

KRISTINN H. ÁRNASON, gítarleikari, heldur einleikstónleika í Kristskirkju í dag, laugardaginn 9. júní, og hefjast þeir klukkan 17.00. Á efnisskránni eru verk eftir Milan, Bach, Henze, Guilliani, Martin og Rodrigo.

Kristinn hóf gítarnám tíu ára gamall, hjá Gunnari Jónssyni í Tónskóla Sigursveins og síðar hjá Joseph Fung. Þaðan lauk hann burtfararprófi 1983 og hélt þá til Englands, þar sem hann sótti einkatíma hjá Gordon Crosskey í eitt ár. Eftir það hélt Kristinn til Bandaríkjanna og stundaði nám við Manhattan School of Music og lauk þaðan BM-prófi árið 1987. Frá þeim tíma hefur hann tvisvar sinnum dvalið í Alicante á

Spáni, í nokkra mánuði í senn, og sótt einkatíma hjá José Tomás og sótt námskeið í New York hjá André Segovia og Manuel Barrueco. Hann hefur einnig kennt gítarleik við Tónskóla Sigursveins, en er nú með einkakennslu.

Tónleikarnir í Kristskirkju í dag eru 6. einleikstónleikar Kristins í Reykjavík. Hann hefur einnig komið fram á Sumartónleikum á Norðausturlandi og haldið einleikstónleika á Ítalíu og í Bandaríkjunum, auk þess

áð hafa nokkrum sinnum leikið í útvarpi og sjónvarpi hér á landi. Um efnisskrá tónleikanna í dag, segir Kristinn:

„Fyrsta verkið sem ég leik er „Prir Havanar“ eftir Luis Milan. Þetta verk er frá 1535 og var upphaflega samið fyrir víuhela, hljóðfæri sem var eiginlega bara til á 16. öld. Því svipar mjög til gítarsins eins og hann er í dag; á því eru sex tvöfaldir strengir, en á gítar voru þeir fjórir á þessum tíma. Það kom upp skóli í kringum þetta hljóðfæri á Spáni á 16. öld og því er nokkuð merkilegt að það skuli hafa lagst af. En víuhelan var í rauninni hirtahljóðfæri á Spáni á þessum tíma og þau tónskáld sem sömdu fyrir það, voru þau